STRANDGATA NR 6




GRUNNMYND 1. HÆÐAR MKV= 1:100




GRUNNMYND MILLILOFTS MKV= 1:100

Samþykkt þann

05 MAI 1998

*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*

KÞ

**Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði**

**Viðgerðir og endurbætur að innan á vegum Kvikmyndasafns Íslands**

Bæjarbíó í Hafnarfirði var hannað á árunum 1942-43 af Sigmundi Halldórssyni arkitekt. Skarphéðinn Jóhannsson vann við hönnun á innréttingum. Fyrstu kvikmyndasýningarnar voru í janúar 1945.

**Notkun** Bæjarbíó verður notað til kvikmyndasýninga og sýninga á munum og tækjum, ásamt ráðstefnu- og fundahalda er tengjast starfsemi Kvikmyndasafnsins.

**Breytingar sem gerðar hafa verið**
Um 1960 var sviðsopi breytt til að hægt væri að sýna kvikmyndir á breiðtjaldi.
Leikfélag Hafnarfjarðar hefur haft afnot af húsinu síðustu árin og hefur það stækkað sviðið og fjarlægt sætaraðir. Sett hefur verið upp sviðslýsing og gerðar breytingar á sýningarklefa. Skipulagi í anddyri / miðasölu hefur verið breytt og komið fyrir eldhúsi og skrifstofu. Á nýlegu milligólfi er búningageymsla (sbr. teikn. Friðjóns Ólafssonar frá ágúst 1990). Salur, forsalur og anddyri hefur verið málað, sett bárujárn á veggi í forsal og anddyri, gólfefni skipt út og lýsingu breytt.

**Fyrirhugaðar framkvæmdir** Áætlað er að færa Bæjarbíó í upphaflegt horf að innan. Seinni tíma viðbætur verða fjarlægðar. Yfirborðsmeðhöndlun (litir og efnisnotkun), lýsing og innréttingar munu taka mið af upphaflegri útfærslu.
Herbergjaskipan í anddyri / miðasölu verður endurgerð. Settur verður upp nýr veggur sem aðskilja mun skrifstofu frá forsal. Veggur og lúga í miðasölu verður endurgert eftir upprunalegum teikningum.
Núverandi hurðir sem eiga að vera B30 verða endurbættar (hurðargrind fyllt með steinull og reykþéttilisti settur í karm). Sett verður stálhurð A60 milli forsalar og stigahúss.
Sett verður gler í útihurðir eins og upphaflega var.

**Brunamál** voru yfirfarin af Guðmundi Gunnarssyni verkfræðingi hjá Brunamálastofnun ríkisins í febrúar 1998.
Rýmingarleiðir eru nægilegar miðað við að kvikmyndasalurinn rými ca 300 manns. Vængjahurðum skal breyta þannig að hægt verði að opna báða vængina með húni eða snerli.
Ekki eru gerðar athugasemdir við núverandi eða fyrirhugaðar klæðningar í kvikmyndasal, forsal eða anddyri.
Kvikmyndasalur skal vera sjálfstætt brunahólf með B30-hurðum að öðrum herbergjum. Loka skal opi í vegg og gólfi sýningarklefa. Hurðir að annarri brunasamstæðu (þ.e. stigahúsi) skulu vera A60.
Út-ljósaskilti, neyðarlýsing og brunaviðvörunarkerfi skal vera skv. brunamálareglugerð.
Brunaslanga er nú við svið og annarri skal koma fyrir í (eða við) forsal.
Gera verður úttekt á loftræstikerfi m.t.t. brunamála.

| | |
|---|---|
| STRANDGATA NR 6 | 101 |
| EFNI | MÁL 1:100 |
| GRUNNMYND 1. HÆÐAR | DAGS. 12.04.98 |

ERLENDUR ÁRNI HJÁLMARSSON BFÍ KLÉBERGI 6 S: 555-3860